



Til bæjarstjórans á Akureyri, Ásthildar Sturludóttur.

Akureyri, 5. desember 2019

**Efni: Setning ráðstefnunnar *Psyringae2020* og ósk um stuðning**

Dagana 15. til 19. júní 2020 verður haldin ráðstefnan 10<sup>th</sup> **International Conference on *Pseudomonas syringae*** (*Psyringae2020*) við Háskólann á Akureyri. Drög að dagskrá má sjá á vefsíðu ráðstefnunnar: <https://www.rha.is/psyringae>.

*Pseudomonas syringae* er einn mikilvirkasti plöntusýkill veraldar, og hafa ráðstefnur helgaðar honum verið haldnar allt frá 1973. Fyrirhuguð ráðstefna sú tíunda í röðinni, en áður hefur ráðstefnan verið haldin víða um heim, svo sem í Berlín, Flórens, Oxford, og Malaga. Nú er komið að Íslandi og hefur henni verið valinn staður við Háskólann á Akureyri. Ráðstefnurnar hafa venjulega sótt á milli 150 og 200 ráðstefnugestir, þær hafa tekist vel og hafa ráðstefnurnar haft áhrif á umræðu um stefnumótun í viðkomandi löndum. Á málþingunum hefur einnig skapast umfangsmikið tengslanet sem nær til allra samstarfsaðila *Psyringae*, svo og út í samfélagið, en rannsóknir á þessum mikilvæga plöntusýkli nýtast hagsmunaaðilum í skógrækt, garðrækt, og hvers kyns ræktun matjurta. Viðfangsefni og formgerð ráðstefnunnar að þessu sinni er mikilvægt framlag til þverfaglegar og alþjóðlegrar umræðu um málefni er varða loftslagsbreytingar, möguleg tækifæri, áskoranir og afleiðingar þeirra á plöntur og plöntusýkingar. Jafnframt er ráðstefnan tækifæri til að efla tengsl á milli svæða þar sem áhrifa loftslagsbreytinga gætir nú þegar með afgerandi hætti hvað varðar vistkerfi, loftslag og veður en ekki síður hvað varðar samfélags- og menningarlega velferð. Nauðsynlegt er að efla samstarf, tileinka sér og deila þekkingu. **Okkur þætti mikill heiður ef bæjarstjóri sér sér fært að taka þátt í opnunarmóttöku ráðstefnunnar kl. 19:00 þann 15. júní 2020 og/eða ávarpa ráðstefnuna og setja hana kl. 08:30 þann 16. júní 2020.**

Við teljum að Akureyri sé bæði akkur af og sæmd í að ráðstefnan sé haldin hér í bæ. Okkur langar því til að leita til bæjarins eftir stuðningi við ráðstefnuna þannig að við getum tekið vel á móti ráðstefnugestum og þeir fái jákvæða og sterka ímynd af bænum og því menningarlífi sem hann hýsir. Kostnaður við ráðstefnuna er áætlaður um 10 mkr. og er fjármögnun að mestu á formi ráðstefnugjalda þátttakenda. Við óskum hins vegar eftir því að Akureyribær styðji við ráðstefnuna með því að fjármagna að hluta opnunarmóttökuna sem þá verði haldin á áberandi stað miðsvæðis í bænum, til dæmis í Listasafninu eða Hofi, og tengd við tónlistarflutning eða aðra menningarstarfsemi. **Við óskum því eftir stuðningi bæjarins upp á allt að 250 þkr.**

Með bestu kveðjum,

Oddur Vilhelmsson  
Prófessor í auðlindadeild

M. Auður Sigurbjörnsdóttir  
Aðjúnt í auðlindadeild